



Akraneskaupstaður
Bt. Bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akraneskaupstaður		
Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
27.3	Grö	26. SEP. 2019
Ábm.	Úrv. aðili	Málsnr. One
SPH	SPH	1909265

Reykjavík, 25. september 2019
Tilvísun: 201905-0096

Efni: Úttekt á Slökkviliði Akraness og Hvalfjarðarsveitar 2019

Í 6. gr. laga um brunavarnir kemur fram að Mannvirkjastofnun skuli með sjálfstæðum athugunum og úttektum leiðbeina sveitarstjórnnum um kröfur sem gerðar eru til eldvarnaeftirlits og slökkviliða.

Mannvirkjastofnun framkvæmdi úttektir á slökkviliðum á Vesturlandi og Vestfjörðum vorið 2019. Gerð var úttekt á Slökkviliði Akraness og Hvalfjarðarsveitar þann 13.4.2016. Markmiðið með úttektinni var að fylgja eftir hvernig slökkviliðið vinnur í samræmi við lög, reglugerðir og eigin brunavarnaáætlun. Farið var yfir helstu atriði sem tiltekin eru í lögum nr. 75/2000 um brunavarnir og reglugerðum nr. 1088/2013 um reykjöfun, nr. 914/2009 um hlífðarbúnað slökkviliðsmanna, nr. 723/2017 um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnæði og nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða. Einnig er farið yfir hvernig slökkviliðið starfar í samræmi við eigin brunavarnaáætlun.

Niðurstöður úttektarinnar voru þann 20.08.2019 sendar slökkviliðsstjóra til umsagnar. Slökkviliðsstjóri gerði ekki athugasemd við úttekt Mannvirkjastofnunar.

Í úttektinni var spurt um til hvaða ráðstafana hefði verið gripið vegna athugasemda sem gerðar voru við úttekt Mannvirkjastofnunar árið 2016. Fram kom að úrbætur hefðu verið gerðar en þó ekki varðandi alla þætti. Þær athugasemdir eru því óbreyttar frá síðustu úttekt.

Helstu niðurstöður úttektar Mannvirkjastofnunar árið 2019 eru eftirfarandi:

- Endurskoða þarf brunavarnaáætlun. Áætlun kom til umsagnar í lok sumars 2019. Áætlunin var samþykkt nú í ágúst að hálfu Mannvirkjastofnunar.
- Eldvarnaeftirliti er verulega áfátt og hvorki í samræmi við kröfur laga nr. 75/2000 né reglugerðar nr. 723/2017. Bæta þarf eldvarnaeftirlit í samræmi við kröfur laga nr. 75/2000 og reglugerðar nr. 723/2017. Slökkviliðsstjóri annast framkvæmd reglugerðar þessarar í sínu umdæmi og ber ábyrgð á að kröfur hennar séu uppfylltar. Enginn eldvarnaeftirlitsmaður er til að sinna málaflokknum samanber gildandi brunavarnaáætlun. Ráða átti eldvarnaeftirlitsmann fyrir rúmum fimm árum og enn hefur ekki verið staðið við það.



- Slökkviliðsstjóri annast framkvæmd reglugerðar þessarar í sínu umdæmi og ber ábyrgð á að kröfur hennar séu uppfylltar. Slökkviliðsstjóri eða varaslökkviliðsstjóri skal **ávallt vera á vakt eða á bakvakt og til staðar á starfssvæði slökkviliðsins**. Heimilt er að manna slíkar vaktir með staðgenglum sem uppfylla hæfniskröfur sem gerðar eru til slökkviliðsstjóra. Samanber reglugerð nr. 747/2018, 7. gr.
- Ekki er fylgt áformum um úrbætur sem settar hafa verið fram í framkvæmdaáætlun brunavarnaáætlunar, m.a. hefur ekki verið ráðinn starfsmaður í eldvarnaeftirlit.
- Yfirfara þarf hlífðarbúnað slökkviliðsmanna svo hann uppfylli kröfur reglugerðar nr. 914/2009.
- Samningur Akraneskaupstaðar við Hvalfjarðarsveit varðandi samvinnu um brunavarnir hefur ekki verið tilkynntur til Mannvirkjastofnunar.
- Björgunarbúnaður slökkviliðsins til björgunar á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og faratækjum hefur ekki verið prófaður eins og kröfur framleiðenda gera ráð fyrir.

Mannvirkjastofnun vekur athygli á að í bréfi dags. 21.5.2013 og 5.9.2016 voru gerðar sömu athugasemdir varðandi slökkvivatn, frágang loftpressunnar og framkvæmd eldvarnaeftirlits.

Mannvirkjastofnun beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að úrbætur verði gerðar sem fyrst.

Meðfylgjandi er annars vegar stutt yfirlit yfir þau atriði sem þarfnast úrbóta og hins vegar þeir gátlistar sem notaðir voru við úttektina í heild.

Virðingarfyllst
f.h. Mannvirkjastofnunar

Davíð S. Snorrason
fagstjóri eldvarnasviðs

Samrit sent til: Sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar
Afri sent : Slökkviliðsstjóra



Stutt yfirlit yfir þau atriði sem þarfnast úrbóta.

Samandregið úr gátlistum sem notaðir voru við úttektina, eru eftirfarandi helstu atriði sem er ábótavant. Númer atriðis vísar til gátlistans þar sem jafnframt er tilgreint hvaða lög og/eða reglugerðarákvæði á við um viðkomandi atriði.

Atriði	Mat	Lýsing
1	Þarfnast úrbóta	Lögbundin verkefni slökkviliða. Verkefni slökkviliða eru: 1. Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss. 2. Slökkvistarf innanhúss og reykjöfun. 3. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun. 4. Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum. 5. Eldvarnaeftirlit og forvarnir, þ.m.t. eftirlit með einkabrunavörnum, sbr. reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit. Slökkvilið er í sveitarfélaginu. Efla þarf eldvarnaeftirlit.
3	Þarfnast úrbóta	Hlutverk sveitarstjórnar. Sveitarstjórn ber ábyrgð á starfsemi slökkviliðs, þ.m.t. framkvæmd eldvarnaeftirlits. Sveitarstjórn er skylt að sjá um að starfsemi slökkviliðs uppfylli kröfur reglugerðar þessarar.
4	Þarfnast úrbóta	Ef viðbragðstími slökkviliðs aðliggjandi sveitarfélags fyrir ákveðið landsvæði er styttri en frá slökkviliði þess sveitarfélags sem landsvæðið tilheyrir skulu sveitarfélögin gera með sér samninga til að tryggja sem skemmstan viðbragðstíma óháð sveitarfélagamörkum. Í samningum skal tekið fram verklag við beiðni og um greiðslu kostnaðar.
5	Vantar	Hlutverk slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri annast framkvæmd reglugerðar þessarar í sínu umdæmi og ber ábyrgð á að kröfur hennar séu uppfylltar. Slökkviliðsstjóri eða varaslökkviliðsstjóri skal ávallt vera á vakt eða á bakvakt og til staðar á starfssvæði slökkviliðsins. Heimilt er að manna slíkar vaktir með staðgenglum sem uppfylla hæfniskröfur sem gerðar eru til slökkviliðsstjóra.
6	Vantar	Upplýsingagjöf og skráning gagna. Mannvirkjastofnun getur krafist sveitarfélög um nauðsynlegar upplýsingar um stöðu brunavarna og um búnað og starfsemi slökkviliðs í sveitarfélaginu. Slökkviliðsstjóri skal sjá til þess að Mannvirkjastofnun séu fyrir 1. maí ár hvert sendar upplýsingar um rekstur slökkviliðsins og búnað í samræmi við leiðbeiningar stofnunarinnar.
8	Vantar	Brunavarnaáætlun. Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem unnin er af slökkviliðsstjóra og fengið hefur samþykki Mannvirkjastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar, sbr. 13. gr. laga um brunavarnir. Áætlunin rann út 2017. Þess skal getið að áætlunin kom til yfirlestrar tveim mánuðum eftir úttektina og hefur verið samþykkt að hálfu stofnunarinnar.
11	Þarfnast úrbóta	Þjálfun útkallsliðs.



		Útkallslið skal vera þannig mannað og hjá því skal vera nægjanleg þekking og reynsla til þess að það ráði við slökkvistarf í þeirri áhættu sem er í sveitarfélaginu.
12	Vantar	Skipulag slökkviliðs. Í brunavarnaáætlun skal sýnt fram á mannaflapörf slökkviliðsins. Sé ekki sýnt fram á að annað sé nægjanlegt skal miða við eftirfarandi lágmarksfyrirkomulag á rekstri slökkviliðs: ... (Sjá reglugerð)
13	Þarfnast úrbóta	Útkallssvæði slökkviliða. Í brunavarnaáætlun skal gera grein fyrir viðbragðstíma slökkviliðs. Skipta skal útkallssvæði slökkviliðs í eftirfarandi flokka eftir viðbragðstíma:
16	Vantar	Viðbragðseiningar utan slökkviliða. <i>Í brunavarnaáætlun skal koma fram ef sérstök viðbragðseining er starfrækt í sveitarfélaginu á vegum annarra en slökkviliðs.</i> Tilgreina skal í brunavarnaáætlun á hvaða grundvelli slíkar einingar starfa, t.d. hvort um sé að ræða ákvörðun slökkviliðsstjóra á grundvelli 24. gr. laga um brunavarnir eða forsendu fyrir útgáfu byggingarleyfis, sbr. ákvæði byggingarreglugerðar. ...
18	Þarfnast úrbóta	Fjöldi slökkviliðsmanna í útkallsliði slökkviliðs. Lágmarksfjöldi slökkviliðsmanna í útkallsliði slökkviliðs skal ákveðinn í brunavarnaáætlun sveitarfélags út frá áhættum í sveitarfélaginu, ...
19	Þarfnast úrbóta	Búnaður til slökkvistarfs og annarra starfa slökkviliðs. Slökkvilið skal hafa til umráða fullnægjandi búnað til að geta sinnt verkefnum sínum. Lágmarksbúnaður skal ákveðinn í brunavarnaáætlun sveitarfélags ... Körfubifreiðin er komin úr notkun.
22	Þarfnast úrbóta	Skyndihjálp. Slökkvilið skal hafa búnað og þjálfun til að geta veitt skyndihjálp.
24	Þarfnast úrbóta	Sveitarfélögum ber að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist, t.d. úðakerfi í meiri háttar byggingum.
26	Þarfnast úrbóta	Tvö sveitarfélög eða fleiri geta samið um sameiginlegt slökkvilið. Sveitarfélagi er einnig heimilt að semja við annað sveitarfélag um að hafa með höndum verkefni og stjórn slökkviliðs að hluta. Um slíkt skal gera skriflegan samning sem skal tilkynna til Mannvirkjastofnunar.
27	Þarfnast úrbóta	Allur hlífðarbúnaður skal að lágmarki uppfylla ákvæði ÍST EN staðla. Ekki er til hlífðarfatnaður vegna viðbragðs slökkviliðsins við slysum þar sem fást þarf við hættuleg efni.
42	Vantar	Slökkviliðsstjóri skal hafa áætlun um hvernig bregðast skal við slysum og öðrum hugsanlegum neyðaratvikum við reykköfun
43	Þarfnast úrbóta	Við reykköfun á eldstað skal m. a. gæta eftirfarandi öryggisatriða, eftir því sem framast verður við komið: b- Stjórnandi reykkafara skal sjá til þess að við reykköfun séu ávallt tveir reykkafarar sem vinna saman og skulu þeir ætíð vera í fjarskiptasambandi við stjórnanda reykkafara og sömuleiðis sín á milli. Stjórnandi á vettvangi skal tilnefna varateymi reykkafara á vettvangi sé þess þörf. (17. gr)



Gátlisti vegna eldvarnareftirlits :

Atriði	Mat	Lýsing
2	Parfnast úrbóta	b. gera úttekt á mannvirkjum og starfsemi í þeim, með tilliti til brunavarna, og á lóðum og öðrum svæðum utan dyra þar sem eldhætta getur skapast, t.d. vegna starfsemi á svæðinu, söfnunar úrgangs eða geymslu eldfimra efna, og gera kröfur um nauðsynlegar úrbætur á brunavörnum til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir
6	Parfnast úrbóta	f. halda skrá yfir öll mannvirki og aðra staði þar sem eldsvoði getur valdið sérstakri hættu á manntjóni eða umtalsverðu tjóni á umhverfi eða öðrum verðmætum.
7	Parfnast úrbóta	Eigandi mannvirkis ber ábyrgð á að það fullnægi kröfum um brunavarnir sem fram eru settar í lögum og reglugerðum og að brunavarnir taki mið af þeirri starfsemi sem fer fram í mannvirkinu eða á lóð þess á hverjum tíma.
8	Parfnast úrbóta	Eigandi og forráðamaður skulu sjá til þess að; flóttaleiðir séu ávallt greiðfærar þannig að þær uppfylli þörfina fyrir fljóta og örugga rýmingu. flóttatími sé tryggður viðhalda brunahólfun og öryggiskerfum Öryggiskerfi sem krafa er um skulu tengd vaktstöð
9	Parfnast úrbóta	Eigandi skal, þar sem þess er þörf, sjá til þess að aðili með starfsleyfi samkvæmt reglugerð um þjónustuaðila brunavarna sinni reglubundnu eftirliti, þjónustu, yfirferð og viðhaldi kerfa, búnaðar, tækja og mannvirkja í samræmi við leiðbeiningar
10	Parfnast úrbóta	Eigandi atvinnuhúsnaðis skal á eigin lóð sjá til þess að slökkvivatn sé aðgengilegt og að nægjanlegt vatn sé til staðar til slökkvistarfs sé það áskilið í byggingarleyfi.
11	Parfnast úrbóta	Eigandi atvinnuhúsnaðis skal sjá til þess að nægjanlegur fjöldi starfsmanna sé tiltækur og þjálfaður í brunavörnum og slökkvistarfi í samræmi við aðstæður sé það áskilið í byggingarleyfi eða samkvæmt kröfu slökkviliðsstjóra
12	Parfnast úrbóta	Eigandi og forráðamaður mannvirkja, lóða og starfsemi sem falla undir 19. gr. skulu tilnefna eldvarnarfulltrúa sem sér um eldvarnir og sem eldvarnareftirlit slökkviliðs getur haft samskipti við. Eldvarnarfulltrúi skal taka þátt í tilkynntum eftirlitsskoðunum,
17	Parfnast úrbóta	Suðuvinnu, logavinnu og aðra sambærilega vinnu sem hefur í för með sér hættu á eldsvoða skal framkvæma á föstum vinnustað, sé þess nokkur kostur, sem hannaður er til að koma í veg fyrir og takmarka bruna. Sá sem vinnur slíka vinnu á tímabundnum vinnustað, þ.m.t. vinnu á þaki, skal sýna sérstaka aðgát. Hann skal framkvæma nauðsynlegar fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir bruna og hafa á staðnum nauðsynlegan slökkvibúnað til að geta brugðist tafarlaust við ef eldur kemur upp.
19	Parfnast úrbóta	Tilkynna skal til slökkviliðsstjóra um umfangsmikla geymslu á eitraðri og ætandi vöru, eldnærandi efnum, gasi undir þrýstingi o.þ.h. sem við eldsvoða getur haft í för með sér sérstaka hættu. Sama gildir um geymslu mikils magns af eldsneyti, áburði eða timbri og öðru með mikið brunaálag. Slökkviliðsstjóri getur sett skilyrði fyrir



20	Parfnast úrbóta	Eldvarnareftirlit skal haft með mannvirkjum, lóðum og starfsemi þar sem eldhætta getur skapast og ógnað lífi, heilsu, umhverfi og eignum.
21	Vantar	Sveitarfélag skal gæta þess að nægjanlegur hluti af heildarframlagi til slökkviliðsins sé nýttur til forvarna og eftirlitsstarfa. Fyrir 1. febrúar ár hvert skal slökkviliðsstjóri gefa út eftirlitsáætlun ársins þar sem gerð er grein fyrir því hvaða mannvirki, lóðir og starfsemi í sveitarfélaginu munu sæta eldvarnareftirliti það árið. Áætlunin skal birt á vefsíðu slökkviliðsins eða viðkomandi sveitarfélags. Fyrir 1. mars ár hvert skal slökkviliðsstjóri taka saman skýrslu um framkvæmd eldvarnareftirlits á liðnu ári og hvaða árangur hefur náðst.
23	Vantar	Á öllum starfssvæðum slökkviliða skal vera tryggt að eldvarnareftirlit slökkviliðs sé þannig skipulagt, mannað, menntað og þjálfað að það geti annast eftirlit með þeirri áhættu sem er á starfssvæði slökkviliðs og nauðsynlegt forvarnarstarf. Í öllum slökkviliðum skal vera starfandi eldvarnareftirlitsmaður sem sinnir eldvarnareftirliti,

Gátlisti vegna brunavarnaáætlunar:

Brunavarnaáætlun er ekki í gildi. Áætlunin rann út árið 2017. Ný áætlun kom til yfirlestrar í lok júní síðastliðinn.

Skoðunarblað fyrir loftpressu :

	Mat	Lýsing
1	Parfnast úrbóta	Loftþjappa skal vera á þurrum og ryklausum stað, þar sem loftræsting er góð.

Gátlisti vegna tvívirkra vökvaknúinna björgunarverkfæra:

Atriði	Mat	Lýsing
4		Árgerð 2015 og 2016
9	Vantar	Búnaðurinn hefur ekki verið prófaður eins og kröfur framleiðenda gera ráð fyrir.